

Umsögn framvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafli I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

1. Lagt er til að þetta frumvarp verði skoðað betur áður en það er lagt fram, legg til að þetta verði skoðað með hagsmunaaðilum í sumar og áhrifin metin áður en innihald frumvarpsins verður ákveðið.
2. Lagt er til að ákveðinn verði aðlögunartími þar sem innflutningur verði leyfður í þrepum. Til þess að byrja með verði hár tollur og að allt kjöt sem komi inn á markaðinn verði skoðað af íslenskum eftirlitsmönnum til þess að tryggja að ekkert sýkt kjöt komist inn á markaðinn. Ef sami innflytjandinn stendst skoðun í 3 -5 skipti er eðlilegt að ekki þurfi að skoða hann jafnrækilega eftir það. Gerðar verði kröfur um að gæðakerfi framleiðanda erlendis fari í gegnum sömu skoðun og innlendir framleiðendur. Ekki er óeðlilegt að afskrifa fjárfestingar um 20% á ári og er þess vegna lagt til að þrepin verði jafnstór og komi til framkvæmda á 5 árum. Tollur á innfluttum landbúnaðarvörum verði lækkaður í þrepum á 5 árum.
3. Þá verði tryggt að samkeppnisaðstaða verði jöfnuð hvað varðar eftirlitskostnað og kröfur.
4. Það þarf að gefa markaðinum tækifæri til þess að hagræða og stækka einingarnar svo þær geti keppt við innflutning.
5. Á sama tíma verði bændum og þjónustuaðilum bænda tryggður aðgangur að eldsneyti á viðunandi verði. Hér er lagt til að skattar á allt eldsneyti verði lækkaðir því þeir koma illa við þá landsmenn sem búa fjarri höfðurborgarsvæðinu/þéttbýlissvæðum og gera alla þjónustu og aðföng dýrari sem skekkir samkeppnishæfni við innfluttar vörur.

Hvað er er matvælaöryggi og hverjir búa við matvælaöryggi? Eru Íslendingar að tefla sínu matvælaöryggi í hættu?

- Örugg matvæli
- Magn matvæla
- Gæði matvæla

Örugg matvæli. Engum verður meint af öruggum matvælum. Búið er að tryggja að enginn sýkist af salmonellu, kamfýlóbakter eða öðrum sjúkdómum hættulegum neytendum á íslenska matvælamarkaðinum. Eftirlit með slíku hefur verið með miklum ágætum á íslenskum neytendamarkaði og hafa framleiðendur haft af því mikinn kostnað til þess að tryggja íslenska framleiðslu. Ef á að gefa þetta öryggi upp á bátinn og flytja óheft inn hrátt kjöt er hætt við að íslensk framleiðsla verði undir í samkeppni við kjöt sem ekki hefur skoðað né haft eftirlit með á sambærilegan hátt og gert er hér á landi. Samkvæmt reglum Evrópusambandsins má ekki krefjast meiri eftirlits á íslensku markaðssvæði á vörum sem er verið að selja innan Evrópu-sambandsins?

Hér með er verið að skekkja verulega samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar sem var ekki góð fyrir. Hvernig á að tryggja örugg matvæli ef ekki á að hafa eftirlit með innfluttu kjöti. Hver ber ábyrgð á tjóni af innfluttu kjöti?

Búa betur að sínum.

Nú eru víðsjárverðir tímar í matvælaframleiðslu í heiminum. Margar ríkisstjórnir eru að takmarka útflutning eða loka landamærum sínum til þess að halda matvælum og efnunum til matvælaframleiðslu í sínu landi til þess að tryggja sínum þegnum matvæli. Dæmi um þetta er Argentína sem setti tolla á útflutning á soyabaunum til þess að tryggja að uppskeran yrði notuð innanlands. Rússland hefur bannað útflutning á hveiti til þess að geta örugglega brauðfætt sína þjóð á þessum tímum, Kína hefur sett tolla á útfluttann áburð til þess að tryggja að hann verði notaður innanlands til matvælaframleiðslu.

Á þessum tímamótum ákveður ríkisstjórn Íslands að taka stóra áhættu og opna landamærin fyrir innflutning og það án þess að vera búin að meta áhrif þeirrar ákvörðunar á matvælaframleiðslu landsins. Það er ábyrgð hverrar ríkisstjórnar að tryggja þegnum sínum aðgang að matvælum til þess að fullnægja grunnþörfum þeirra. Það er nauðsynlegt að ríkisstjórnin setji fram sína stefnu til lengri og skemmri tíma. Allar umbreytingar taka langann tíma en sem dæmi þá tekur langann tíma að auka framleiðslu á kjöti innanlands, fyrst þarf að stækka stofninn áður en hægt er að stækka sláturstofn, ef um fugl er að ræða þarf að flytja inn egg sem þarf síðan klekja út og geyma í sóttkví áður en hægt er að fara að nota hann til undaneldis en það er hægt að drepa hann niður á stuttum tíma með einu frumvarpi.

Það er eðlilegt að ráðamenn setjist niður með hagsmunaaðilum áður en jafn miklar breytingar eru gerðar á matvælaframleiðslu landsins og semji um að taka slíka reglugerð í gagnið til þess að tryggja að ekki sé verið að stefna hagsmunum Íslendinga í tvísýnu. Eðlilegt er að samið verði um innleiðslu á breyttum lögum svo innlendir matvælaíðnaður geti aðlagð sig, gera breytingar í þrepum til þess að tryggja jafnræði íslenskrar framleiðslu við erlenda og um leið tryggja að ekki sé gengið á hagsmuni Íslendinga.

Mjög ólíklegt er að Íslenskir neytendur njóti þess í verði eða framboði ef innflutningur veður leyfður á hráu kjöti eins og frumvarpið kveður á um. Verðmismunur á matvælum hér á landi og erlendis er svipaður hlutfallslega og mismunur á öðrum innfluttum vörum sem gefur til kynna að þótt hann verði gefinn frjáls þá mun það ekki hafa áhrif á verðlag í landinu. Þeir sem hafa hag af innflutningi eru stóru verslunarkeðjurnar og þær hafa haft horn í síðu íslensks landbúnaðar vegna þess að það er síðasta vígi þeirra birgja sem þeir eru ekki búnir að brjóta undir sig.

Ef lögnum verður breytt án aðlögunnar er líklegt að stórt skarð verði höggvið í íslenskann landbúnað sem verður ekki tekið aftur nema með miklum tilkostnaði. Þá má búast við því að miklir fjármunir tapist og margar fjöldskyldur tapi sínu. Á undanförunum árum hefur mikið verið hagrætt í íslenskum landbúnaði en það er mikið ógert og mikilvægt að sátt náist um að Íslenskir bændur fái að halda þeirri vinnu áfram í stöðugu umhverfi áður en samkeppni við erlenda framleiðslu skellur á af fullum þunga. Búið er að fjárfesta mikið í þessum hagræðingum að undanförunu og líklegt að þær fjárfestingar fari forgörðum ef og geyst verði farið í að opna kjötmarkaðinn fyrir erlendri samkeppni.

Gæði matvæla. Markaðurinn er fullfær um að velja hvaða gæði / verð henta.

Hvað gerist ef ekki fæst korn innflutt til landsins?

Ísland kaupir sitt korn frá Evrópu (50%), USA (35%) og Suður Ameríku (15%) samtals um 90.000 tonn og þar til viðbótar er verið að rækta innanlands um 12.000 tonn. Ólíklegt er að viðskipti á ofangreindum mörkuðum (EU og US) loki á sama tíma og báðir þessir markaðir vilja fisk þannig að samningsstaða Íslendinga ætli að vera góð til framtíðar.

Fóðurkorn er notað hérlendis til framleiðslu á svínakjöti, kjúklingakjöti og mjólkurafurðum og notar hver markaður ca 30% af heildarmagni fóðurkorns. Íslenskt bygg er væntanlega notað 70% til mjólkurframleiðslu og 30% til svínakjötsframleiðslu.

Ef það verður mikill skortur á fóðurkorni í heiminum er líklegt að skortur verði einnig á sáðkorni fyrir íslenskt bygg en það er allt innflutt og sama gildir um áburð. Það er hægt að semja við fræ-ræktendur um meira magn en það tekur ca. 2 ár að komast í gegnum allt ferlið.

Framleiðsla á lambakjöti er ekki háð fóðurkorni en ef lambakjötsframleiðslan minnkar mikið í landinu þá tekur langann tíma að byggja hana upp að nýju og þess vegna ástæða til þess að fara varlega í breytingum á rekstrarumhverfi greinarinnar.

Hér á Íslandi er verið að nota (gróft áætlað) um 460 milljónir fóðureininga og þar af er um 80 milljónir innfluttar í formi korns.

- Sauðfjárræktin notar um 200 milljónir allt af innlendum toga(gras)
- Hrossaræktin notar um 100 milljónir megnið af innlendum toga(gras)
- Nautgriparæktin notar um 110 milljónir þar af um 30 milljónir frá innfluttu korni
- Alifuglaræktin notar um 25 milljónir, megnið frá innfluttu korni
- Svínaræktin notar um 25 milljónir, megnið frá innfluttu korni.

Áhrif frumvarpsins á fóðurframleiðslu í landinu.

Hætta á krossmiti í fódri eykst verulega þegar búið er að hitameðhöndla það. Korn er vei vörnum búið fyrir smiti frá náttúrunnar hendi en tapar þeim vörnum þegar búið er að mala það, vinna og hitameðhöndla sem gerir miklar kröfur til þess ferils sem fódrið fer í að lokinni framleiðslu. Fóður framleitt á Íslandi fer í lokuðu kerfi heim á bæ og er krossmengunar áhætta lítil. Ef fóður er flutt erlendis frá eru líkur á krossmengun miklar þar sem það er lestað í miklum hita og við kólnum skilst út raki sem eykur áhættu á smiti, salmonellu og þess háttar sem þarf raka og hita til þess að komast í gang, þá eykst áhættan við hverja snertingu sem verða margar ef allt fóður verður innflutt.

Íslensk fóðurfyrirtæki hafa lagt í miklar fjárfestingar til þess að lágmarka áhættu á smiti og ef það er ekki lengur þörf á þeim þá er sú fjárfesting fyrir bí.

Mikilvægt er að sömu reglur gildi fyrir allt fóður alla leið frá "haga í maga" og sömu kröfur séu gerðar til þess alla leið sem þýðir eftirlit við framleiðslu, á flutningstækjum, milli-lagerum og í síló hjá bónda.

Ef frumvarpið fer óbreytt í gegn á vordögum er líklegt að margir sauðfjárþændur munu bregða búi, en sama á við um aðra þændur sem mun síðan hafa áhrif á þann iðnað sem selur inn á þenna markað ss. Fóðuriðnað, mjólkuriðnað, sláturleyfishafa og aðra sem þjónusta landbúnaðinn.

Í frumvarpinu eru gerðar athugasemdir við eftirfarandi greinar:

64. grein.

Hér er verið að setja lög um að leyfa opinbera birtingu niðurstaðna sem ganga mjög langt og brjóta líklega jafnræðisreglur, auka valdsvið yfirvalda verulega og ekki hægt að réttlæta. Þessi lög ganga mun lengra en lög evrópusambandsins og eru ekki til þess fallin að jafna samkeppni á þessum markaði.

68. grein.

Hér er mjög mikilvægt að stilla eftirlitskostnaði í hóf enda eru íslensk fóðurfyrirtæki mjög lítil og sem dæmi selur DLG, sem býður fóður til sölu á íslenska markaðinum, um það bil 2.103.000 tonn mv sölu 2007 en stærsta íslenska fóðurfyrirtækið seldi á sama tíma um 35.000 tonn. DLG er sem sagt 60 sinnum stærra en stærsti samkeppnisaðili þess á íslenska markaðinum. Nú þegar fódurtollar hafa verið felldir niður án fyrirvara er ljóst að íslensku fóðurfyrirtækin geta ekki keppt við innflutt fóður ef ekki verður tryggt að ekki verða lagðar meiri álögur á innlenda framleiðslu en erlenda.

Virðingarfyllt

Eyjólfur Sigurðsson

Framkvæmdarstjóri Fóðurlöndunnar hf